

málskostnað fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslanu til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.  
Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 25/1893:

Hið opinbera

gegn

Axel Tulinius, N. B. Nielsen og  
Andrjesi Andrjessyni.

#### D ó m u r:

Mál þetta er höfðað eptir skipun amtsins gegn hinum kærðu, fullmektugum hjá bæjarfógetanum í Reykjavík, cand. jur. Axel Tulíníus og verzlunarmönnum N. B. Nielsen og Andrjesi Andrjessyni, fyrir brot gegn tilskipun 28. marz 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi, en með lögreglurjettardómi Reykjavíkur, gengnum 29. maí þ. á., voru hinir kærðu dæmdir sýknir af kæru hins opinbera, og málskostnaður dæmdur af almannafje. Þessum dómi er af hlutaðeigandi amtmanni áfrýjað til yfirdómsins.

Eptir framburði hinna ákærðu, sem kemur heim við annað það, er upplýst er í málinu, reru hinir ákærðu 16. apríl þ. á. sjer til skemmtunar til fiskjar hjer út á grunnið; fóru þeir á stað milli kl. 3 og 4 um nóttina og þegar kl. var rúmlega 10 um morguninn. höfðu þeir fengið 158 fiska á skip og hjeldu þá í land, en þá var vedur versnað, og vindur orðinn andstaður, svo að þeim gekk seint í land og lentu þeir um

kl. 2 e. h., eða um það leyti, sem guðspjónusta hefur verið úti, við eina bryggjuna hjer í bænum Af aflanum skiptu þeir fátækum einn fimmtung, gáfu sumt eða borguðu fyrir bátslán og beitu, en afganginn lögðu þeir inn í verzlun.

Eins og áður er tekið fram, fóru þinir kærðu, sem annars hafa atvinnu við skrifstofu- eða verzlunarstörf, í fiskiróður þann, er mál þetta er risið út af, að eins sjer til skemmtunar eða hressingar, og verknáður þeirra virðist því ekki eiga að teljast til þeirrar vinnu úti við, sem bönnuð er í 2. gr. fyrnefndrar tilskipunar 28. marz 1855, heldur, eins og undirdómarinn hefur gjört, eiga að metast eptir ákvæðum tilskipunarinnar um skemmtanir. Nú bannar tilskipunin í 1. og 5. gr. að eins almennar eða hávaðamiklar skemmtanir, en þar til getur eigi talið fiskiróður hinna kærðu. Það verður því að fallast á það, að undirdómarinn hefur sýknað kærðu af kærum hins opinbera í þessu máli og eins á málskostnaðarákvæði undirdómsins, og ber þannig að staðfesta dóminn í heild sinni. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannafje.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjadi lögreglurjettardómur á að vera óraskaður. Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda, cand. jur. Hannesar

Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra, ber að greiða af almannaþje.

Nr. 43/1892:

Kr. Ó. Þorgrímsson  
gegn

Lárusi Bjarnason fyrir hönd  
A. F. van Amstells.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði málaflutningsmaður Lárus Bjarnason fyrir hönd A. F. van Amstells kaupmanns í Amsterdam á Hollandi gegn bóksala og kaupmanni Kr. Ó. Þorgrímssyni í Reykjavík út af verzlunarviðskiptaskuld, að upphæð 672 kr. 68 aur., sem hinn fyrnefndi þóttist eiga hjá hinum síðarnefnda fyrir ýmsar vörur, er hann tjáist hafa sent áfrýjanda. Var málið dæmt í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 22. september f. á. á þann hátt. að Kristján Ó. Þorgrímsson skyldi greiða Lárusi Bjarnason fyrir hönd A. F. Amstells 672 kr. 68 aura með 5<sup>o</sup> vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað; fyrir óviðurkvæmilegan rithátt var Lárus Bjarnason dæmdur til að greiða 10 kr. sekt, helming í landssjóð og helming í fátækra sjóð Reykjavíkur. Þessum dómi hefur bóksali Kristján Ó. Þorgrímsson áfrýjað til yfirrjettarins með stefnu útgefinni 7. okt. f. á., og gjört þær rjettarkröfur *principaliter*, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur í málinu og að honum verði tildæmt endurgjald málskostnaðar fyrir báðum rjettum með 60 kr. eða einhverri nægilegri